

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 227/2014

2015/EES/52/19

frá 24. október 2014

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýs-
ingasamfélagið) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/654/ESB frá 12. nóvember 2013 um breytingu á ákvörðun 2008/294/EB til að bæta við hana viðbótaraðgangstækni og -tíðnisviðum fyrir farsímafjarskiptaþjónustu í loftförum (MCA-þjónustu) ⁽¹⁾.
- 2) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi bætist við í lið 5czc (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/294/EB) í XI. viðauka við EES-samninginn:

„eins og henni var breytt með:

- **32013 D 0654:** Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2013/654/ESB frá 12. nóvember 2013 (Stjtið. ESB L 303, 14.11.2013, bls. 48).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framkvæmdarákvörðunar 2013/654/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. nóvember 2014, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi borist (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. október 2014.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Kurt Jäger

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 303, 14.11.2013, bls. 48.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.